

stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er.

41

12. febr.

## 2. gr.

Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknarnefndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

## 3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

## 4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig: Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknarnefndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.).

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

42

12. febr.

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um

42 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verk-  
12. febr. smiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

43

**L Ö G**

12. febr.

um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

- a) Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:  
Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.
- b) Á eftir 1. málgr. sömu lagagr. komi ný málgr., svo hljóðandi:  
Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelða á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.
- c) Upphaf 3. málgr. sömu lagagr. orðist svo:  
Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.